

**2290. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 24. febrúar 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn í félagsaðstöðu Vestra á Ísafirði.**

---

**Mættir stjórnarmenn:** Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Guðlaug Helga Sigurðardóttir, Helga Helgadóttir og Ívar Ingimarsson.

**Mættir varafulltrúar:** Tinna Hrund Hlynsdóttir og Halldór Breiðfjörð Jóhannsson.

**Mættir fulltrúar landshluta:** Eva Dís Pálmadóttir (Austurland), Oddný Eva Böðvarsdóttir (Vesturland) og Trausti Hjaltason (Suðurland).

**Forföll:** Pálmi Haraldsson, Orri Hlöðversson, Torfi Rafn Halldórsson, Unnar Stefán Sigurðsson, Kolbeinn Kristinsson (varamaður í stjórn) og Ómar Bragi Stefánsson (landshlutafulltrúi Norðurlands).

**Mættur framkvæmdastjóri:** Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

**Fundargögn:**

- Fundargerð síðasta fundar
- 

Formaður KSÍ hóf fundinn á að þakka Tinnu Hrund Hlynsdóttir f.h. Vestra fyrir höfðinglegar móttökur og aðstoð við undirbúning 77. ársþings KSÍ.

1. Fundargerð síðasta fundar (2289) var þegar samþykkt.
2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar og fréttir frá ÍTF.
  - a. Vegna fjarveru Orra Hlöðverssonar féll dagskrárliðurinn fréttir frá ÍTF niður.
  - b. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar:
    - ✓ Mótanefnd 17. febrúar 2023
3. Rætt var 77. ársþing KSÍ
  - a. Rætt um fjárhagsuppgjör 2022 og fjárhagsáætlun 2023 en uppgjör var kynnt stjórn að viðstöddum fulltrúum Deloitte milli stjórnarfunda.
  - b. Farið yfir fyrirbyggjandi tillögur. Mættir fulltrúar landshluta munu bera upp breytingatillögu sem miðar að því að fulltrúar landshluta taki áfram sæti á stjórnarfundum en án þess að hafa atkvæðisrétt. Þá var rætt um þann hluta sem snýr að hæfi stjórnarmanna í tengslum við störf/hlutverk hjá félögum.
4. Dagskrárliðnum „lög og reglugerðir“ var frestað.
5. Verkefni milli funda
  - a. Fresta þurfti dagskrárliðnum „Samningur við fulltrúa KSÍ í landsliðsliðsverkefnum“ þar sem beðið er eftir frekari athugasemdum í kjölfar samráðsferlis.
  - b. Lagt fram erindi frá UEFA vegna jarðskjálftanna í Tyrklandi og Sírylandi. KSÍ tekur leggur sitt af mörkum í samráði við FASSE hópinn (10 minnstu þjóðir innan UEFA).
  - c. Formaður KSÍ, Vanda Sigurgeirsdóttir fór yfir þátttöku KSÍ á UEFA þinginu í apríl, FIFA þinginu í mars og Norðurlandafundi í maí.
6. Mótamál
  - a. Dagskrárliðnum 6a, mótamál var frestað.
  - b. Halldór B Jóhannsson, formaður dómáranefndar, lagði fram tillögu dómáranefndar um fjölda skiptinga í deildakeppnum á komandi tímabili. Stjórnarfolk var beðið um að kynna sér málið á milli funda og málið verður tekið til afgreiðslu á næsta stjórnarfundi.

7. Landsliðsmál

- a. Rætt var um þá leiki sem þegar hafa farið fram á árinu. Frammistaða liðanna gefa góð fyrirheit.

8. Önnur mál

- a. *Stjórn KSÍ samþykkir að Drago stytturnar tvær, sem veittar hafa verið til háttvísustu liða í tveimur efstu deildum karla um langt árabil, verði frá og með ársþingi 2023 veittar háttvísustu liðum í efstu deild karla og efstu deild kvenna, og að sú breyting taki þannig strax gildi við veitingu háttvísiverðlauna fyrir keppnistímabilið 2022.*
- b. Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, þakkaði því stjórnarfólki sem gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir óeigingjarnt starf sitt í þágu fótboldans á Íslandi. Þetta eru þau Guðlaug Helga Sigurðardóttir, Torfi Rafn Halldórsson og Kolbeinn Kristinsson.

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið 17:45.

Klara Bjartmarz  
Fundarritari